

Dreifibréf til tilkynningarskyldra aðila skv. a-e-lið og m-lið 2. gr. laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka

1.4.2014

Tilvísun: 2013050022

Efni: Umræðuskjal nr. 7/2014 - drög að leiðbeinandi tilmælum um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 7/2014. Umræðuskjalið inniheldur drög að leiðbeinandi tilmælum um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Tilmælin leysa af hólmi eldri tilmæli nr. 3/2011 um sama efni.

Með þessu dreifibréfi gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin. Umræðuskjalið ásamt fylgiskjöllum eru einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Með endurbættum tilmælum eru gerðar talsverðar breytingar á formi og efni tilmælanna en í mörgum tilvikum er um smávægilegar breytingar að ræða. Meðal ástæðna þess að ráðist var í endurskoðun tilmælanna var endurútgáfa FATF á tilmælum sínum árið 2012. Þær breytingar sem nú eru lagðar til miðast við nógildandi lög en í einhverjum tilvikum er notast við leiðbeiningar og/eða sjónarmið í tilmælum FATF sem hafa ekki formlega verið lögfestar með lögum um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006.

Hvað varðar efnislegar breytingar er leitast við að veita frekari leiðbeiningar og skýra betur tiltekin atriði í tilmælunum. Meðal þess sem má nefna eru atriði í tengslum við upplýsingaöflun vegna áreiðanleikakönnunar, s.s. varðandi öflun upplýsinga frá prókúruhöfum, félagasamtökum og góðgerðafélögum og þegar um gjafareikninga er að ræða. Þá er leitast við að veita frekari leiðbeiningar varðandi upplýsingar um raunverulega eigendur. Fjármálaeftirlitið tók til skoðunar kafla tilmælanna varðandi áhættumat og var það niðurstaða stofnunarinnar að ekki væri tilefni til breytinga á tilmælunum hvað þetta atriði varðar, að óbreyttum lögum. Að auki má nefna að tilteknum atriðum var bætt við starfsskyldur ábyrgðarmanns. Þá fjalla endurbætt tilmæli nú með ítarlegri hætti um tilkynningar um sérstaka varúð í viðskiptum við ríki eða ríkjasvæði og skyldu til að koma í veg fyrir fjármagnsflutninga.

Að lokum má nefna að í tilmælunum eru gerðar nokkrar orðalagsbreytingar sem eru til komnar vegna atriða sem Fjármálaeftirlitið hafði orðið vart við og stofnuninni hafði verið bent á.

Virðingarfyllt,
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Rúnar Guðmundsson

Helga Rut Eysteinsdóttir